Ed. **364. Breytingartillögur** [3. mál]

við frv. til laga um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Jóni Árnasyni.

1. Við 2. gr. Í 2. mgr. falli niður orðin „og rekstrar".
2. Við 6. gr.
   a. Í stað „50%" í 1. tl. komi: 60%.
   b. Í stað „25%" í 2. tl. komi: 50%.
3. Við 8. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. (er verði 8. gr.)
   a. Í 1. mgr. falli niður orðin „og/eða reka".
   b. Í 2. mgr. falli niður orðin „og/eða reka".
   c. 4. mgr. falli niður.
6. Við 15. gr. (er verði 13. gr.)
   a. 4. mgr. verði svo hljóðandi:
      Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 4 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi.
   b. Ný málsgrein bætist við og verður 7. mgr., svo hljóðandi:
      Nú fer á byggingartímanum heildarbyggingarkostnaður dagvistunarheimilis fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, og skal þá sá ríkisstyrkur, sem umfram er, greiðast á næstu 2 árum eftir 4 ára tímabilið samkvæmt 4. mrg.
7. Í fyrirsögn frumvarpsins falli niður orðin „og rekstri".